

Áfangalýsing		
ADFE1HN05AH Tvívíð form og litir Námsgrein: Aðferðafræði	Einingar 5	Hæfniprep 1
Lýsing Í áfanganum öðlast nemendur þekkingu á helstu grunnhugtökum í lita- og formfræði. Tilraunir eru gerðar með tvívíð form, liti, letur og myndbyggingu, þar sem verkefnavinna er tengd umhverfi og annarri vinnu í náminu. Helstu litakerfi kynnt. Unnið er með grátónaskala og litablöndun út frá grunnlitum. Í verkefnavinnu eru andstæðir og hliðstæðir litir, kaldir og heitir litir, ljósir og dökkir litir notaðir. Skoðuð er táknfræðileg merking lita og tilraunir eru gerðar með litasamsetningar og áhrif. Í formfræði er unnið með geometrísk og lífræn form ásamt hugtökum í tengslum við punkta, línur og fleti. Virkni forma og lita er skoðuð á myndfletinum.		
Forkröfur: Engar		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - hugtökum í lita- og formfræði - lögmálum myndbyggingar - hvernig litir og form birtast í umhverfinu - ólíkum vinnuaðferðum og mikilvægi tilrauna í þróun hugmynda - táknfræðilegri merkingu lita og forma - virgni tvívíðra forma - geometrískum og lífrænum formum Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - vinna á skapandi hátt með form, liti og myndbyggingu í tilraunum, skissum og útfærslum - skoða og greina form og liti í umhverfinu - einfalda og draga ályktanir í vinnu sinni - sýna ábyrgð og sjálfstæði í vinnubrögðum - geta kynnt og fjallað um eigin verkefni og annarra á gagnrýnin hátt Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - yfirfæra þekkingu sína í lita- og formfræði í fjölbreyttum verkefnum - vinna á skapandi hátt í tilraunum, hugmyndavinnu og skissugerð - beita viðeigandi vinnuaðferðum og verkfærum við úrvinnslu verkefna - skoða og vinna með liti, form og myndbyggingu - tengja lita- og formfræði við umhverfi sitt - greina á milli hlutbundinna og óhlutbundinna forma		
Námsmat Námsmat er með fjölbreyttum hætti í samræmi við verklagsreglur Tækniskólans um námsmat sem settar eru fram í Gæðahandbók.		
Grunnþættir og lykilhæfni Í skólanámskrá Tækniskólans má sjá hvernig grunnþættir menntunar og lykilhæfni fléttast inn í allt nám og starf í skólanum. Áfanga- lýsingar eru nánar útfærðar í námsáætlunum og þar kemur fram hvernig grunnþættirnir fléttast inn í námið í viðkomandi áfanga.		